

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐARStrandgötu 31
220 Hafnarfjörður

Opin mán.-fös. kl. 8-16.

Sími: 585 5800.

skolaskr@hafnarfjordur.is

RITSTJÓRN - SKRIF

Vigfús Hallgrímsson
þróunarfulltrúi grunnskóla
vigfus@hafnarfjordur.is

MARKMIÐ ÚTGÁFU

Að miðla upplýsingum til starfsfólks í grunnskólum Hafnarfjarðar, foreldra og annarra um skólamáli í Firðinum og skólaþróun. Þeir sem vilja koma upplýsingum í blaðið eru beðin að senda tölvupóst á vigfus@hafnarfjordur.is. Þá eru vel þegar ábendingar um það sem betur má fara.

DREIFING

Blaðinu er dreift með tölvupósti (pdf-snið) til starfsfólks skóla í grunnskólum Hafnarfjarðar, fulltrúa foreldra o.fl. Stefnt er að vikulegri útgáfu (með leyfilegum forföllum) á starfstíma skóla. Útgáfudagar eru föstudagar. Blaðið er 2 síður í A-4 stærð.

GRUNNSKÓLAR
HAFNARFJARÐAR

Í Hafnarfirði eru starfandi níu grunnskólar. Nemendur eru um 3900 í nálægt 185 bekkjardeildum og kennarar eru yfir 400 í rúmlega 350 stöðugildum. Skólarnir eru:

- Áslandsskóli.
www.aslandsskoli.is
- Engidalsskóli.
www.engidalsskoli.is
- Hraunvallaskóli.
www.hraunvallaskoli.is
- Hvaleyrarskóli.
www.hvaleyrarskoli.is
- Lækjarskóli.
www.laekjarskoli.is
- Setbergsskóli.
www.setbergsskoli.is
- Víðistaðaskóli.
www.vidistadaskoli.is
- Öldutúnsskóli.
www.öldutunnsskoli.is
- Barnaskóli Hjallastefnunnar
www.hjalli.is/bsk7610

SKÓLASKRIFSTOFA
HAFNARFJARÐAR

Skólavefritið

5. ÁRGANGUR, 9. TBL.

24. OKTÓBER 2008

Vangaveltur í aðdraganda vetrarfrís grunnskóla

Það eru vetrarfrisdagar í grunnskólum Hafnarfjarðar mánudag og þriðjudag í næstu viku. Hver skóli hafði þó möguleika að velja hvort hann nýtti sér þá. Þannig varð reyndin sú að hluti skólanna nýtti sér það. Starf-fólk skólanna tók þessa ákvörðun og fékk samþykki fræðsluráðs og foreldraráðs viðkomandi skóla. Það á að stuðla að því að skólar hafi meiri möguleika að ákveða fyrirkomulag skólaársins.

Á vorönn 2009 er aftur sama fyrirkomulag í gangi, þ.e. ákveðnir dagar eru mögulegir vetrarfrisdagar

og skólar völdu hvort þeir nýttu sér þá.

Það er alltaf álitaeftni með

sá á móti að samfélagið hefur ekki tekið þessu opnum örmum. Það felst í því að foreldrar eiga oft erfitt með að taka sjálfir frí á vetrarfrisdögum líkt og börnin. Það ætti að vera auðveldara þegar meiri sveigjanleiki er hjá skólum með vetrarfrí. En vetrarfrí skólanna eru á skjön við atvinnulífið og hvor á þá að breyta sér, skólinn eða atvinnulífið? Báðir? Hvernig? Það þarf að finna nauðsynlegt jafnvægi og nauðsynin er komin til vegna lengra skólaárs nemenda og kennara.



vetrarfrí og margt sem styður það frá hendi skólanna sjálfra, s.s. að uppbrot skólastarfs gefur tilefni til hvíldar og endurnýjunar. Vandinn er

Myndin er úr Hraunvalla-

Hvað þarf nemandinn að læra á 21. öld?

Ársþing Samtaka áhugafólks um skólaþróun verður haldið í Reykjanesbæ 7. - 8. nóvember nk. (Fjölbrautaskóla Suðurnesja og Holtaskóla). Yfirskrift þingsins verður: **Nemandinn á 21. öldinni: Hvað þarf hann að læra?** Þingið er opið öllum, ekki eingöngu félögum í samtökunum og það er alltaf opið fyrir nýja félaga.

Á föstudeginum hefst þingið kl. 15 með erindum sem fjalla um meginþema þingsins. Um kvöldið verður móttaka og hátíðarmálsverður. Á laugardeginum

stendur dagskráin frá kl. 9.30-15 og verður þar val um þrjár málstofur sem kynna þróunarverkefni frá (1) leikskólum, (2) grunnskólum og (3) framhaldsskólum; sex til átta skólum af hverju skólastigi.



Þingið gefur gott tækifæri til að fylgjast með þróunarstarfi á skólastigunum þremur á laugardeginum. Það ætti að vera fróðlegt fyrir kennara og annað skólafólk að kynnast því

sem er í gangi í skólum landsins og upplifa það í einni góðri lotu.

Ráðstefnugjald fyrir félagsmenn er kr. 4.500 og utanfélagsfólk kr. 6.000 (gögn, kaffi, hádegisverður á laugardeginum). Einnig er hægt að vera eingöngu á laugardeginum og greiðist þá lægra gjald - kr. 4.500 eða 3.500 eftir því hvort um er að ræða félaga eða ekki. Skráning fer fram á

www.skolathroun.is. (sjá einnig vefslóð hér neðst).



FRÉTTIR

úr
stjórn-
kerfi

Hafnarfjarðar

Fræðsluráð 20. okt.
168. fundur:

- Ingibjörg Einarsdóttir, skrifstofustjóri, kynnti nýtt fyrirkomulag á skipulagi Stóru upplestrarkeppninnar og nýjan vef hennar sem vistaður er hjá Hafnarfjarðarbæ.
- Lagt fram bréf, dags. 9. október 2008 frá skólastjóra Engidalsskóla þar sem hún mælir með að Arna Björny Arnardóttir verði ráðin aðstoðarskólastjóri. Samþykkt.
- Lögð fram bréf frá starfsmannafélagi Lækjarskóla með ósk um styrk við skólaheimsókn til útlanda vorið 2009. Vísað til fjárhagsáætlunargerðar næsta árs.
- Rædd staða mála í skólakerfinu í kjölfar efnahagsástands og umræðunnar þar af Eiríkur Þorvarðarsyni, yfirláfræðingur grunnskóla. Kynnt hvaða ráð skólakerfið hefði til að styðja við börn og starfsfólk. Þá var sagt frá aðgerðahópi um almannaheill í Hafnarfirði sem hefur hafið störf og Eiríkur situr í fyrir hönd fræðsluviðsins.

Tilkynning vikunnar

Engin námskeið eða fræðslufundir eru haldnir í næstu viku fyrir grunnskólakennara á vegu Skólaskrifstofunnar og því eru hér kynnt námskeið fyrir 3.-7. nóvember. *Skólavefritið* kemur ekki út í næstu viku.

Næsta blað *Skólavefritsins* er væntanlegt föstudaginn 7. nóvember 2008

Tilkynningar og fréttaskot um það sem er á döfinni

- » Þann 12. nóvember verður haldið málþingið *Velkomin í skólann* kl. 9-16 í Stakkahlíðarhúsi Háskóla Íslands. Meginviðfangsefni þingsins verður móttaka og vinna með börnum af erlendum uppruna í leik- og grunnskólum og foreldrum þeirra. Nánari upplýsingar má finna á heimasíðunum www.leikskolar.is og www.grunnskolar.is þar sem skráning fer fram eða í gegnum netfangið simennt@khi.is. Þátttökugjald er kr. 4000.
- » Eiríkur Þorvarðarson, yfirláfræðingur grunnskóla, hefur ritað skólum og foreldrum leiðbeiningar fyrir samveru fjölskyldunnar og umræður á tímum óvissu í efnahagsmálum. Þær má lesa á vef Hafnarfjarðarbæjar, www.hafnarfjordur.is.
- » Landnemaskólinn er 120 stunda námskeið fyrir fólk sem er af erlendum uppruna, en hefur grunn í íslensku (hefur t.d. lokið 150 stundum í íslensku). Kennendur eru íslenska, samfélagsfræðsla, grunn tölvikunnátta, gerð færnimöppu og sjálfsstyrking. Hægt er að fá námið metið til 10 eininga í framhaldsskólum. Nánari upplýsingar og skráning er hjá jon@mimir.is, sími 5801805 (Jón). Áætlað er að Landnemaskólinn byrji 3. nóvember og ljúki 25. febrúar. Kennendur verður á mánudögum og miðvikudögum kl. 16:30-19:30 á Öldugötu 23. Farið verður í vettvangsferðir og í leikhús. Verð kr. 18.000. Er þetta fyrir einhverja starfsmenn í grunnskólunum?



VELKOMIN Í SKÓLANN

Málþing 12. 11. 2008
Menntavísindasviði Háskóla Íslands
v/Stakkahlíð, kl. 9-16

Að vinna að góðri hegðun nemenda í skóla

Fræðiefni vikunnar er handbók sem gefin er út af bandarískum menntayfirvöldum. Hún nefnist *Reducing Behavior Problems in the Elementary School Classroom*. Þetta er 87 síða handbók sem ætluð er kennurum og tekur á framkvæmd þess að vinna að heppilegu námsumhverfi í skóla og draga þannig úr líkum á hegðunarvanda hjá nemendum. Fyrst og fremst er litið á viðfangsefnið sem kennslufræðilegt mál kennara og hvaða leiðir þeir hafi færar



til að skapa umhverfi sem eykur líkur á góðri hegðun. Í bókinni eru kennurum gefnar margvíslegar ráðleggingar sem byggjast á ítarlegum rannsóknum. Mestu máli skiptir að skapa börnum heppilegt umhverfi til að læra í skóla. Vinna gegn hegðunarvanda nemenda eykur líkur á að slíkt aukist. Fræðiefnið hér vinnur um margt með SMT-skólafærni sem innleitt hefur verið í Hafnarfirði en áherslan er meira á hópinn en í SMT meira á einstaklinginn.

VEFSLÓÐ: http://ies.ed.gov/ncee/wwc/pdf/practiceguides/behavior_pg_092308.pdf

Námskeiðahaldið í þar næstu viku, 3.-7. nóv.

3. nóv. mánudagur

- 101 *Hvernig kenni ég nýbúum í 4. – 7. bekk?* Menntasetrið við Lækinn kl. 15-17 (Annar tími)
- 304 *Friðs útsaumur með þrykki* í Lækjarskóla kl. 15-18.
- 305 *Kennslugagnastjóri í Moodle* í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17. (Seinni tími)
- 401 *Ráð við reiði* í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17. (Fyrri hópur, fyrri tími)

4. nóv. þriðjudagur

- 301 *Grunnnámskeið í myndvinnslu (Paint.net)* í Menntasetrinu við Lækinn kl. 15-17.

7. nóv. föstudagur

- 204 *Innleiðing á Leiðsagnarmati í Mentor* í Menntasetrinu við Lækinn kl. 14-16
- 403 *Að nýta LOGOS í lestrarstuðningi* á Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar kl. 14-16.

Námskeið